

Texti: Ólafur Einarsson

## Listinn lengist, tegundir nálgast eitt hundrað!

Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturna  
2020–21, 2021–22 og 2022–23


Síðastliðinn vetur, 2022–23, var sá tuttugasti og níundi sem Fuglavernd hefur haldið úti Garðfuglakönnun. Könnunin hefur það markmið að virkja félagi til fuglaskoðunar í nærumhverfi sínu og afla upplýsinga um þá fugla sem nýta sér garða landsmanna, eins og tíundað hefur verið í fyrri pistlum um Garðfuglakönnun. Frá upphafi könnunarinnar hafa hvorki meira né minna en 93 fuglategundir verið skráðar hjá athugendum. Þar af eru 17 tegundir sem sést hafa öll 29 árin. Á hverju ári sjást yfirleitt á bilinu 1–3 nýjar tegundir en nú bar svo við að engin ný tegund sást tvo fyrri veturna. Það er óvanalegt að ekki sjáist ný tegund tvo vetur í röð og hefur það ekki komið fyrir áður (1. mynd). Um vorið 2023 bættust við næturgali og bæjasvala. Þessir fuglar sáust í samliggjandi gördum á Stokkseyri. Bæjasvalan lét sannarlega bíða eftir sér hjá athugendum Garðfuglakönnunar en „frænka“ hennar, landsvalan, sást fyrst í Garðfuglakönnun tímabilið 2008–09. Ef gert er ráð fyrir því að um 400 tegundir hafi heimsótt Ísland, þá hafa 22,5% þeirra verið skráðar hjá athugendum Garðfuglakönnunar. Samkvæmt niðurstöðum Garðfuglakönnunar eru um 40 tegundir sem geta flokkast garðfuglar hér á landi, ef miðað er við þá skilgreiningu að garðfuglar eru þeir sem leiti skjóls eða sæki reglulega í fæðu í gördum. Alls sáust 38 tegundir fyrri tvö athugunartímabilin en 48 það þriðja og síðasta sem er næst mest frá upphafi könnunar. Metið er frá vetrinum 2014–15 þegar skráðar voru 49 tegundir. Undanfari þessara vetra hefur líklega verið „gott flækingahaust“ eins og fuglaskoðarar nefna haustin þegar mikið af flækingum berst til landsins. Sumir þeirra flækingsfugla leita á einhverju stigi í garða og gleðja augu fuglaskoðara. Að meðaltali hafa sést 38 tegundir á hverjum vetri og fæstar tegundir sáust veturinn 2003–04. Síðan þá hefur fjöldi skráðra tegunda verið að skriða upp á við (1. mynd).



Bæjasvala (*Delichon urbicum*) yfir Löngudæl á Stokkseyri 26. apríl 2023. Ný tegund í Garðfuglakönnun sem sást á flugnaveiðum í samliggjandi gördum á Stokkseyri. Mynd: Daniel Bergmann

Veðurfar að vetri hefur veruleg áhrif á hversu mikið af fuglum heimsækja garða eins og þátttakendur könnunarinnar hafa vafalaust upplifað. Þessir þrjú vetur sem hér er fjallað um voru ólíkir í veðurfarslegu tilliti. Samkvæmt upplýsingum af vef Veðurstofu Íslands þá var veturinn 2020–2021 nokkuð hagstæður, sérstaklega Suðvestanlands. Það var nokkuð hlýtt, þurr og óvenju snjólétt. Í Reykjavík voru alhvítir dagar níu í vetrarmánuðunum fjórum en á Akureyri voru alhvítir dagar 59 talsins. Úrkoma var meiri Norðaustanlands og munaði þar mest um úrkomusaman desember. Þennan vetur var lítið um illviðri sem var ekki raunin veturinn 2021–2022. Sá vetur var harður, einkallega frá janúar og fram yfir miðjan mars. Tíð var aftur á móti hagstæð í desember og

þá var hægviðrasamt. Óvenju úrkomusamt var sunnan- og vestanlands, t.d. var veturinn sá úrkomusamasti á skrá í Reykjavík. Tiltölulega snjólétt var fyrri hluta vetrar en þó nokkur snjóþyngsli frá byrjun febrúar og fram í mars. Í Reykjavík voru alhvítir dagar í vetrarmánuðunum fjórum 49 en á Akureyri voru alhvítir dagar 60. Óvenju kalt var veturinn 2022–2023, ekki hefur verið eins kalt síðan 1995. Hlýtt var í nóvember en svo hófst nær samfelld kuldatíð sem stóð frá 7. desember til 19. janúar. Sérstaklega óvanaleg var þessi kuldatíð á Suðvesturlandi. Vikurnar sex í Reykjavík voru þær köldustu síðan frostaveturinn mikla árið 1918. Þessa vetrarmánuði voru alhvítir dagar í Reykjavík 45 en á Akureyri voru þeir 68 talsins.



1. mynd. Fjöldi tegunda, þátttakenda og nýrra tegunda frá 1994 til 2023 í Garðfuglakönnun.

## Tíðni algengustu fuglategunda í Garðfuglakönnun veturna 2020–21, 2021–22 og 2022–23.

Í töflunni eru þær tegundir sem sást í a.m.k. fjórum görðum einn veturinn. Þátttakendur voru 18 fyrsta veturinn, 15 annan veturinn og 19 þann þriðja.

Tegund	2020–21		2021–22		2022–23	
	Garðar	%	Garðar	%	Garðar	%
Auðnutittl.	18	100	13	87	16	84
Glókollur	3	17	4	27	3	16
Grápröstur	14	79	10	67	13	68
Hettumáfur	7	39	6	40	9	47
Hettusöngvari	6	33	3	20	8	42
Hrafn	16	89	14	93	16	84
Hrossagaukur	9	50	4	27	7	37
Hvítmáfur	4	22	2	13	2	11
Mariuerla	5	28	3	20	6	32
Músarrindill	11	61	5	33	7	37
Rjúpa	3	17	3	20	5	26
Sílfuramáfur	7	39	4	27	5	26
Sílamáfur	3	17	3	20	5	26
Skógarpröstur	18	100	15	100	19	100
Smyrill	10	56	9	60	13	68
Snjótittlingur	16	89	14	93	16	84
Stari	16	89	13	87	16	84
Stelkur	3	17	2	13	4	21
Svartpröstur	18	100	15	100	19	100
Tjaldur	1	6	1	7	4	21
Þúfutittlingur	4	22	2	13	6	37

Fyrri tvo veturna sást að meðaltali 12 fuglategundir í görðum athuganda, en 13 veturinn 2022–23. Flestar tegundir voru skráðar í tveimur samliggjandi görðum á Stokkseyri; 21 veturna 2020–21 og 2021–22 og veturinn 2022–23 sást þar 27 tegundir. Þátttaka í Garðfuglakönnun var svipuð og undanfarna vetur. Veturinn 2020–21 sendu 18 inn tölur, veturinn 2021–22 voru það 15, en 2022–23 voru það 19. Skógarþrestir sjást yfirleitt hjá öllum athugendum og það var svo þessa þriðja vetur. Nú bregður svo við að þátttakendur sjá einnig svartþröst öll athugunartímabilin. Það hefur bara gerst einu sinni áður að svartþröstur var skráður hjá öllum (veturinn 2017–18). Athugendur sáu allir auðnutittlingur veturinn 2020–21 en það hefur komið fyrir nokkrum sinnum áður hin seinni ár. Starar og snjótittlingar sást einnig víða, hjá yfir 80% þátttakenda. Snjótittlingur hefur ekki sést í öllum görðum síðan veturinn 2013–14 en fyrir þann tíma sást þeir stundum hjá öllum athugendum. Starar hafa aldrei náð því að sjást hjá öllum. Hrafnar voru tíðir gestir

hjá athugendum en oftast sést bara einn og einn fugl. Hettumáfur er sú máfategund sem helst kemur í fóður og nær sér í bita. Um 40% athugenda skráðu tegundina hjá sér undanfarna vetur. Aðrir máfar koma í minna mæli en tíðni þeirra í görðum hefur þó aukist frá því að Garðfuglakönnun byrjaði. Hvítmáfur er ágætis dæmi um það. Hann sást ekkert í görðum fyrstu athugunartímabilin en frá vetrinum 2012–13 sést tegundin alltaf hjá einhverjum athugenda og suma vetur skrá yfir 20% þátttakenda hvítmáf hjá sér. Músarrindlar sást nokkuð víða veturinn 2020–21 en hina tvo veturna voru þeir sjaldgæfari. Það má hugsanlega tengja það völdu veðri þessa vetur því kannski leita þeir þá meira í fjörur þegar tíð er slæm eða drepast í meira mæli. Músarrindilinn þyrfti að rannsaka frekar, en fuglafræðingar hafa lítið beint sjónum sínum að þeirri fuglategund þrátt fyrir sérstöðu hennar sem íslenskrar deilitegundar. Rjúpan kemst á blað, hún sést hjá fáeinum athugendum síðustu athugunartímabil eins og undanfarin 20 ár. Fálka er ekki getið í töflunni yfir helstu garðfugla þessi ár en hann sést flesta vetur

hjá örfáum athugendum. Smyrillinn er algengari, sérstaklega hina síðari vetur. Á liðnum athugunartímabilum sá yfir helmingur athugenda smyrl sem er meira en oft áður. Þegar farfuglar koma að vori þá leita þeir í garða landsmanna og meira ef vorið er kalt. Hrossagaukar, mariuerlur, stelkar, tjaldar og þúfutittlingar koma við ásamt fleiri fuglum, sem ekki er getið í 1. töflu og náðu ekki því viðmiði að sjást hjá fjórum athugendum. Nokkrar tegundir sjaldgæfra varpfugla sýna sig einnig hjá athugendum. Garðfuglaskoðurum, eins og mörgum öðrum fuglaskoðurum, finnst áhugavert og spennandi að sjá eitthvað framandi í garðinum sínum. Fuglar sem teljast flækingsfuglar hafa oft viðkomu hjá athugendum Garðfuglakönnunar eins og fram hefur komið áður. Gráþrestir fara þar fremstir í flokki. Varpstofn þeirra hér á landi er lítill og það eru flækingsfuglar sem berast til landsins á haustin sem heimsækja garðana. Undanfarna fjóra vetur voru gráþrestir skráðir hjá yfir 60% athugenda en það hefur ekki komið fyrir áður. Glókollar rétt komust á blað þar sem þeir sást í fjórum görðum eitt athugunartímabil.



Ungur smyrrill (*Falco columbarius*) í garði að haustlagi. Mynd: Alex Máni Guðrðarson


Þessi þrjú athugunartímabil sáust þrjár svölutegundir: landsvala, bæjasvala og bakkasvala sem voru hjá athugendum á Stokkseyri vorið 2023. Bæjasvala er eins og áður sagði ný tegund en hún er nær árviss gestur á Íslandi og hefur orpið nokkrum sinnum. Bakkasvala sést nú í annað sinn í Garðfuglakönnun en hún sást fyrst á Selfossi athugunartímabilið 2018–19, eins og fjallað var um í síðustu grein um Garðfuglakönnun. Hettusöngvari var sem fyrr einn algengasti flækingsfuglinn og var skráður hjá 20–42% athugenda tímabilin þrjú. Fjallafinkur voru skráðar á nokkrum stöðum yfir þessi athugunartímabil en þær geta komið í fóður ef einhver fræ, eins og t.d. af sólblómum, eru í boði á fóðurstað. Það sama má segja um bókfinku sem sást á einum athugunarstað 2020–21 og 2022–23. Hrímtittlingar sáust á fáeinum athugunarstöðum öll athugunartímabilin. Þeir eru gjarnan í fylgd með auðnutittlingum, enda náskyld tegund, og getur verið erfitt að greina þær í sundur. Rannsóknir á erfðafni auðnutittlinga og ættingja hans hafa reyndar sýnt fram á að norðlægir auðnutittlingar, sem nefndir eru á latínu *Acanthis flammea*, *Acanthis cabaret* og *Acanthis hornemanni*, eru ein tegund. Þessir svokölluðu hrímtittlingar eru fuglar sem koma líklega hingað frá Grænlandi. Þeir hrímtittlingar sem voru skráðir í Garðfuglakönnun sáust á norðanverðu landinu. Glóbrystingur sást á tveimur athugunarstöðum 2020–21 og á einum veturinn 2022–23. Laufsöngvari sást haustið 2021 hjá athugendum á Stokkseyri. Víxlnefur var skráður í annað skiptið í Garðfuglakönnun en hann sást á Akureyri veturinn 2021–22. Áður hafði tegundin verið skráð veturinn 2019–20 og var það þá fyrsta tilvikið.



Hrímtittlingur (*Acantis hornemanni*) á Húsavík 2. apríl 2020. Mynd: Yann Kolbeinsson

legt áhugamál og gefur fuglaskoðun viðbótarvidd. Hún er einföld í framkvæmd og ætti ekki að vefjast fyrir neinum. Nánari upplýsingar er að finna á vef Fuglaverndar undir Garðfuglaflípanum.


Kærar þakkir til þeirra sem tóku þátt í Garðfuglakönnun þessa þrjá vetur og einnig er rétt að minna enn og aftur á að ef einhver er með eldri niðurstöður í fórum sínum þá er um að gera að senda þær á netfangið [gardfugl@gmail.com](mailto:gardfugl@gmail.com).



Hvitmáfar (*Larus hyperboreus*), fullorðinn og ungur, við fóðurstað í Stykkishólmi. Myndir: Daniel Bergmann

Nýliðinn vetur gæti hafa verið áhugaverður fyrir þátttakendur í Garðfuglakönnun þar sem síðla hausts barst töluvert af flækingsfuglum til landsins. Svo er það alltaf óvissa með veðrið og snjóalög sem hefur mikil áhrif á það í hversu miklu magni snjótittlingar leita í garða.

Félagar í Fuglavernd eru hvattir til að taka þátt í Garðfuglakönnun enda bæði gagn og gaman af. Þeir sem nú þegar eru reglulegir þátttakendur mega gjarnan hvetja aðra fuglaskoðara til dáða. Garðfuglakönnun er skemmti-



2. mynd. Hlutfall athugenda sem skráðu hjá sér hvitmáf frá 1994–2023.